



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



NORDURÞING



ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Framtíðarsýn og markmið
Endurbætt eftir íbúafund í janúar 2019

Brothættar byggðir




Efnisyfirlit

Inngangur	3
Verkefnisstjórn.....	4
Hugtakanotkn og orðaskýring	5
Framtíðarsýn	6
Meginmarkmið 1: Framandi áfangastaður	7
Meginmarkmið 2: Framsækni í matvælaframleiðslu	9
Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið.....	10
AFLAGT	10
Meginmarkmið 3: Uppbyggilegt samfélag.....	11
Meginmarkmið 4: Öflugir innviðir.....	13
Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið.....	14
Viðauki B	16

Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn í verkefninu *Öxarfjörður í sókn* sem tilheyrir röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í upphafi verkefnis var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir og var því stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttir hjá ráðgjafarfyrirtækinu Ildi. Í framhaldi vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúáþróunar, atvinnuþátta og -þróunar og sérstöðu landshlutans. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið, sem voru samþykkt á íbúafundi sem haldinn var vorið 2016. Sjá má samantekt greiningar og forgangsstöðun íbúáþings í viðauka A. Frekari upplýsingar um verkefnið Brothættar byggðir í heild er hægt að finna á vef Byggðastofnunar en nánari upplýsingar um verkefnið *Öxarfjörð í sókn* má finna á www.nordurthing.is/oxarfjordur og www.atthing.is Markmiðin voru uppfærð eftir íbúafund í janúar 2017, janúar 2018 og janúar 2019. Á fundinum í janúar 2019 var prófað í fyrsta sinn frá íbúáþingi að gefa fundargestum færi á að láta í ljósi skoðun sína á mikilvægi/forgangsstöðun vinnu við markmiðin. Niðurstöðuna má sjá á myndinni þar sem vægi markmiða er birt.



Á myndinni má sjá samantekt yfir vægi meginmarkmiða eftir íbúafundinn.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis undir hatti *Brothættra byggða* sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu *Öxarfjörður í sókn* er staðan vistuð hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Í verkefnisstjórn *Öxarfjarðar í sókn* sitja eftirfarandi aðilar:

- Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnisstjóri *Brothættra byggða* hjá Byggðastofnun
- Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings
- Kristján Þórhallur Halldórsson, verkefnisstjóri *Brothættra byggða* hjá Byggðastofnun
- Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eypings (kom inn í stað Péturs Þ. Jónssonar 2018)
- Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
- Salbjörg Matthíasdóttir, fulltrúi íbúa (kom inn í stað Charlottu Englund í 2018)
- Stefán Haukur Grímsson, fulltrúi íbúa





Hugtakanotkn og orðaskýring

- Brothættar byggðir:** Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
„Brothætt byggð“: Verkefni Brothættra byggða í einstökum þátttökubygðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum bygðarlögum.
- Byggðarlag/byggð:** Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
- Framtíðarsýn:** Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
- Meginmarkmið:** Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu á framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
- Starfsmarkmið:** Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið og á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
- Stefnumótun:** Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
- Stöðugreining:** Yfirlit og greining helstu þátta er auðkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

Framtíðarsýn

Öxarfjarðarhérað er þekkt fyrir hágæða matvælaframleiðslu er byggir meðal annars á hugvitssamlegri og ábyrgri nýtingu á auðlindum héraðsins. Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein í héraði stórbrotinnar, fjölbreyttrar en viðkvæmrar náttúru. Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hafa tekið höndum saman og skipulagt uppbyggingu með þarfir umhverfis og samfélags í huga, ekki síður en efnahagslegar þarfir. Uppbyggilegt og samheldið samfélag þar sem framfarir í atvinnulífi, ásamt öflugum innviðum, hafa leitt til jákvæðrar íbúáþróunar á verkefnistímanum.



MEGINMARMKIÐ
ÖXARFJARÐAR Í
SÓKN





Meginmarkmið 1: Framandi áfangastaður

Starfsmarkmið:

1.1 Að Dettifossvegur ásamt afleggjurum að áfangastöðum á leiðinni verði fulluppbýggður fyrir lok árs 2020. Ábyrgð: Ríkið, Norðurþing og verkefnisstjórn. BREYTT 2019

1.2 Að fyrir árslok 2020 séu hafnar framkvæmdir við uppbyggingu á fjögurra stjörnu hóteli.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjórn og fjárfestar. BREYTT 2019

1.3 Að matvæli af svæðinu sé í boði á sem allra flestum veitingastöðum í Norðurþingi og nærliggjandi sveitarfélögum. Komið verði á virku samtali framleiðenda og rekstraraðila í veitingageiranum ásamt því að mælanlegum markmiðum á árangri í þeim efnum verði komið á fyrir árslok 2019.

Ábyrgð: Fjallalamb, Rifós, Íslandsbleikja, Beint frá býli, garðyrkjubændur, veitingahúseigendur og verkefnisstjórn. BREYTT 2019

1.5 Skjálftasetur sé komið með tryggan rekstrargrunn og 10. m.kr til uppbyggingar safnsins fyrir árslok 2020. Að sóttur verði meiri stuðningur við reksturinn t.d. gegnum ráðstefnur vísindamanna, m.a. með tengingu við skjálftaráðstefnuna á Húsavík. Ábyrgð: Skjálftafélag og verkefnisstjóri. BREYTT 2019

1.6 Fyrir lok árs 2019 skili hópur íbúa uppfærðum áherslum til uppbyggingar ferðamannastaða tengdum fuglaskoðun innan svæðisins ásamt því að byggja upp fleiri fuglaskoðunarskýli. Markmiðið verði að gera svæðið út sem enn meira fuglaskoðunarsvæði en nú er gert. Unnið í samráði við Fuglastíg til þess m.a. að efla skipulag leiðsagnar í fuglaskoðun, kortlagningar fuglaskoðunarstaða og uppbyggingar þeirra. Tækifæri er til fuglaskoðunar á heimismælikvarða innan héraðsins árið um kring.

Ábyrgð: Íbúar, Fuglastígur, Norðurhjar, landeigendur, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri. BREYTT 2019

1.7 Komið verði upp tveimur fleiri áfangastöðum ferðamanna fyrir árslok 2019. Skoða m.t.t.:

- Salernisaðstöðu
- Stefnumarkandi áfangastaðaáætlun Norðurhjara (sérstaklega Fjallahöfn og Veggjarendi)
- Áfangastaður á flekaskilum tengt Skjálftasetrinu og Alfred Wagener.

Ábyrgð: Skjálftasetur(stjórn), Norðurhjar, hagsmunaaðilar, verkefnisstjóri og frumkvöðlar. BREYTT 2019

1.8 Kortlagning á vatnsbólum-þar sem atvinnuuppbygging framtíðar byggð á vatnsauðlindinni verði skoðuð lokið 2020. Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga. BREYTT 2019

1.9 Böð í Öxarfjarðarhéraði, fyrir lok árs 2019 liggi fyrir heildstæð viðskiptaáætlun og stefna um áframhaldandi vinnu. Ábyrgð: Áhugamannahópur um böð, verkefnisstjóri verkefnisins samráð við landeigendur. BREYTT 2019

1.10 Móta stefnu og aðgerðaráætlun um nýtingu, viðhald og umhirðu á eignum Norðurþings í Lundi fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjóri og rekstraraðilar. NÝTT 2019

1.11 Að komið verði upp á Kópaskeri sýningunni „Heimildarlaus notkun bönnuð“ í annað sinn sumarið 2019. Ábyrgð: Verkefnisstjóri og listamaður. NÝTT 2019

1.12 Koma þarf þvottaplani í gagnið í Ásbyrgi fyrir árslok 2019. Skýringar: Í dag er ekki bílaþvottaplan virkt milli Húsavíkur og Kópaskers og er það mjög bagalegt fyrir þá fjölmörgu sem ferðast um Hólssand og veginn um þjóðgarðinn vestan Jökulsár (Dettifossveg). Ábyrgð: verkefnisstjórn, Norðurþing, Heilbrigðiseftirlit og eigandi/umsjónaraðili. NÝTT 2019

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið

1.4 Að fyrir mitt ár 2017 skili hópur íbúa uppfærðum áherslum í ferðamálum fyrir svæðið sem mun svo nýtast inn í áframhaldandi stefnumótunarvinnu frá hinu opinbera og DMP planning verkefni. Ábyrgð: Verkefnastjóri og stjórn Framfarafélagsins. Samráð: AP, Ferðamálastofa, íbúasamtök og Norðurhjári.





Meginmarkmið 2: Framsækni í matvælaframleiðslu

Starfsmarkmið:

2.3 Kanna hvort nýta megi verkefnið „Heimaslóð“ til að auka verðmætasköpun sauðfjárbænda í héraðinu. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Heimaslóðar, verkefnisstjóri og bændur (Salbjörg Matthíasdóttir). BREYTT 2019

2.5 Þróaðar verði og markaðssettar tvær vörur úr hliðarafurðum sauðfjárslátrunar fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: Fjallalamb í samstarfi við AP, (Matís), verkefnisstjóra og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019.

2.6 Styðja við Grólinn (langtímaverkefni í umsjón Landgræðslunnar) m.t.t. þess að tryggja hóflega beit á svæðinu annars vegar og hins vegar hagnýtingu upplýsinga í markaðslegu tilliti. Ábyrgð: (Landgræðslan) Fjallalamb, Búnaðarfélag/bændur og (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). BREYTT 2019

2.8 Gera úttekt á því hverju nýir landbúnaðarsamningar breyta á þessu svæði og hvaða tækifæri kunna að felast í þeim. Sérstaklega kannað m.t.t. kolefnisjöfnunar. Fyrir lok sumars 2019. Ábyrgð: Hagsmunaaðilar (Baldur Stefánsson) (og verkefnisstjóri). BREYTT 2019

2.9 Leggja meiri áherslu á skógrækt og fá stjórnvöld í lið með heimamönnum. Fyrir lok 2019. Ábyrgð: Bændasamtökin á svæðinu og verkefnastjóri. BREYTT 2019

2.10 Stuðla að og styðja við verkefni sem snúa að grænmetis-, -ávaxta- og berjaræktun á Sandinum sérstaklega m.t.t. nýtingar jarðhita. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, frumkvöðlar og Eimur. NÝTT 2019

2.11 Kolefnisjöfnun sauðfjárframleiðslu og úrvinnslu í héraðinu. Fara í stöðumat/greiningu þegar reiknireglur og forsendur liggja fyrir að loknum greiningum á vegum RML. Svæðið reyni að vera leiðandi á landsvísu í þessu átaki. Ábyrgð: Landgræðslan (Sigríður Þorvaldsdóttir), RML, Fjallalamb, Búnaðarfélag og áhugasamir bændur/hagsmunaaðilar (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). NÝTT 2019

2.12 Kanna hver staða Kelduhverfis sé sem „hreins sauðfjárræktarsvæðis“ með tilliti til fullrar þátttöku í kolefnisjöfnuninni fyrir mitt ár 2019. Ábyrgð: Fjallalamb. NÝTT 2019.

2.13 Kanna hvort mögulegt sé að dreifa gor á lokuð svæði til landgræðslu fyrir árslok 2020. Ábyrgð: Fjallalamb og Landgræðslan (Sigríður Þorvaldsdóttir) og (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). NÝTT 2019

2.14 Skilgreina og útfæra jarðhitanýtingarverkefni. Taka saman yfirlit um þau verkefni, rannsóknir og greiningar sem eru til. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, frumkvöðlar og Eimur. NÝTT 2019

2.15 Kanna möguleika fyrir kynning á matvælaframleiðslu í héraðinu. Fyrir árslok 2019. Ábyrgð: verkefnisstóri og hagsmunaaðilar. NÝTT 2019

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið

2.4 Fjallalamb treysti eiginfjárstöðu fyrir lok árs 2016. Ábyrgð: Fjallalamb í samstarfi við eigendur.

2.7 Stækkun Silfurstjörnu fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: Silfurstjarnan.

2.1 Fjallalamb klári verkefni með upprunamerkingu. Lok árs 2017. Ábyrgð: Fjallalamb og verkefnisstjóri.

AFLAGT

2.2 Viðskiptaáætlun fyrir stækkun Akursels. Lok árs 2018. Ábyrgð: Akursel og verkefnisstjóri.





Meginmarkmið 3: Uppbyggilegt samfélag

Starfsmarkmið:

3.1 Kynna hlutverk hverfisráða svæðisins og Framfarafélags Öxarfjarðar í samfélaginu fyrir mitt ár 2019.

Mikilvægt að viðhalda hverfisráðunum og að þau séu virk, og að Framfarafélagið sé áfram kynnt sem „hýsill/bakland“ fyrir m.a. frumkvöðla og viðburði á svæðinu öllu. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjóri, hverfisráðin og Framfarafélag. BREYTT 2019

3.2 Kynning á verkefninu Öxarfjörður í sókn í öllum ráðum og nefndum Norðurþings og meðal

starfsmanna sveitarfélagsins fari reglulega fram og ekki sjaldnar en árlega. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verkefnisstjórn og verkefnisstjóra. BREYTT 2019

3.3 Halda áfram að efla og byggja upp heimasíðu svæðisins og uppfæra reglulega fyrir lok árs 2019.

Ábyrgð: Heimasíðuhópur sem búið er að stofna, verkefnisstjóri og Norðurþing. BREYTT 2019

3.4 Fylgja eftir að Norðurþing horfi til verktaka á svæðinu, m.t.t. heimaaðila. Sveitarfélagið rökstyðji

það ef ákveðið er að skipta við þjónustuaðila utan Öxarfjarðarhéraðs. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verktaka. BREYTT 2019

3.5 Þrýsta á stjórnvöld að jafna kjör verslana á landsbyggðinni með lækun VSK til verslana í dreifbýli.

Skoða m.t.t. til markmiðs 3.6. Ábyrgð: Verslunarrekendur í samstarfi við verkefnisstjóra. NÝTT 2019

3.6 Skilgreina sýn íbúa á lágmarks þjónustubætti í héraðinu og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna

ásamt því að ræða um gildi verslunar í heimahéraði. Ábyrgð: t.d. Þekkingarnet Þingeyinga í samstarfi við AP, Byggðastofnun, verkefnisstjóra, hverfisráðin og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019

3.7 Halda fyrirtækjadag á Sólstöðuhátíð á Kópaskeri aftur 2019. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við

Framfarafélag Öxarfjarðar, sólstöðuhátíðarnefnd og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019

3.8 Hvetja og styðja við fyrirtæki til að ráða frekar starfsfólk sem er reiðubúið til búsetu á svæðinu.

Ábyrgð: Byggðaráð, verkefnisstjórn, verkefnisstjóri og sveitarstjóri. BREYTT 2019



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM



NORÐURÞING

3.9 Gera kunnáttukönnun á meðal nýbúa og könnun á þeirra þörfum. Fyrir lok árs 2019.

Ábyrgð: verkefnisstjóri, Norðurþing, Þekkingarnet Þingeyinga, Framfarafélagið og Rauði krossinn. BREYTT 2019

3.10 Sameining félaga til að efla félagastarfsemi fyrir árslok 2019.

Ábyrgð: Stjórnir félaganna. NÝTT 2019





Meginmarkmið 4: Öflugir innviðir

Starfsmarkmið:

4.1 Auka samstarf og samlegð leikskólanna fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Norðurþing. BREYTT 2019

4.2 Komið sé á háhraða netsamband skv. áætlun ríkisstjórnar fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: Ríkið í samstarfi við Norðurþing og netveitendur á svæðinu. Verkefnisstjórn fylgi málinu eftir hjá ríkinu. BREYTT 2019.

4.3 Fjölga íbúðum á leigumarkaði fyrir lok árs 2019. Skýringar: mögulega þarf að stofna leigufélag. Tryggja leiguhúsnæði á markaði með því að byggja og reyna að koma íbúarhúsum í Kelduhverfi í leigu (ríkið skilyrði búsetu). Tengist húsnæðisáætlun Norðurþings og þátttöku sveitarfélagsins í tilraunaverkefni á vegum Íbúðalánasjóðs. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samvinnu við opinbera aðila. BREYTT 2019

4.4 Tryggja áframhaldandi starfsemi í óskertri heilbrigðisþjónustu ótímabundið. Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), (Lyfju), Pósturinn og Norðurþing. BREYTT 2019

4.5 Tryggja afhendingaröryggi raforku með því að skilgreina hringtengingu til austurs frá Kópaskeri til Vopnafjarðar sem hluta flutningskerfis raforku. Áætlun Landsnets liggja fyrir í lok verkefnistímans. Ábyrgð: Sveitarfélög, AP, (Landsnet) og verkefnisstjóri. BREYTT 2019

4.7 Langtímaáætlun Norðurþings um viðhald hafnar á Kópaskeri m.t.t. dýpkunar og lýsingar hafnarinnar, viðgerðar á göngubrú o.fl. fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Norðurþing. BREYTT 2019

4.8 Markmið Norðurþings um starfsemi (lágmark) í útstöðvum skrifstofu á Kópaskeri (og Raufarhöfn) fyrir lok árs 2018. Ábyrgð: Norðurþing. BREYTT 2019

4.9 Unnið að því að bæta flokkunarmöguleika aukaafurða (sorps) íbúa Öxarfjarðarhéraðs fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við umsjónaraðila. BREYTT 2019

4.10 Póstdreifing á Kópaskeri og í dreifbýli verði færð til fyrra horfs og verði daglega fyrir lok árs 2019 (a.m.k. kröfur um staðfestu). Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við íbúasamtök, verkefnisstjóra, Norðurþing og Samband sveitarfélaga, auk annarra hagsmunaaðila. BREYTT 2019




4.11 Úrbótaáætlun stjórnvalda/RÚV varðandi útsendingar útvarps og sjónvarps í héraðinu fyrir mitt ár 2019. Fylgjast með að úrbætur séu framkvæmdar skv. áætlun. Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við hagsmunaaðila. BREYTT 2019

4.12 Sveitarafmagnslínur verði lagðar í jörð og fylgst með að áætlun Rarik haldi sér. Kanna sérstaklega m.t.t. þriggja fasa rafmagns Silfurstjarnan-Ásbyrgi. Ábyrgð: (RARIK), verkefnisstjórn fylgir eftir. BREYTT 2019

4.13 Gerð verði áætlun um Hitaveitu í Kelduhverfi fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: Orkuveita Húsavíkur. BREYTT 2019

4.14 Tryggja afhendingaröryggi lyfja. Bætt samstarf Póstsins og Lyfju og/eða skoða aðrar flutningsleiðir. Ábyrgð: HSN, verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og Norðurþing. NÝTT 2019

4.15 Tryggja aðgengi að ferskvatni í uppsveitum Kelduhverfis fyrir lok árs 2020. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjórn og íbúar. NÝTT 2019



4.16 Kanna möguleika á lagningu annarra innviða með ljósleiðara(ferskvatn, hitaveita og þriggja fasa rafmagn) í Kelduhverfi fyrir mitt ár 2019. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri. NÝTT 2019


4.17 Tryggja viðhald malarvega t.d. á heimreiðum, þörf fyrir áætlun um viðhald malarvega í héraðinu. Fyrir árslok 2020. Ábyrgð: Norðurþing, Vegagerðin og verkefnisstjórn. NÝTT 2019

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið


4.6 Úttekt á húsnæðismálum í héraðinu lokið á árinu 2018. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við AP og verkefnisstjóra, auk annarra hagsmunaaðila.

Viðauki A

Samantekt stöðugreiningar í SVÓT-greiningu:



Forgangsröðun málaflokka á íbúáþingi



Heimild: ILDI, Öxarfjörður í sókn – Skilaboð íbúáþings, janúar 2016

Viðauki B

Eldri útgáfur af starfsmarkmiðum *ÖÍS 2016-2018*

1. Framandi áfangastaður

1.1 Að Dettifossvegur sé á samgönguáætlun og framkvæmdir hafnar fyrir lok árs 2017/2018. Ábyrgð: Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri, Norðurþing. **BREYTT 2019**

1.2 Að fyrir árslok 2018 séu hafnar framkvæmdir við uppbyggingu á fjögurra stjörnu hóteli. Ábyrgð: Frumkvöðlar og verkefnisstjóri í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð og aðrar stofnanir á svæðinu og fjárfesta. **BREYTT 2019**

1.3 Að lambkjötið af svæðinu sé í boði á veitingastöðum í Norðurþingi og nærliggjandi sveitarfélögum. Fyrir lok árs 2018. Ábyrgð: Fjallalamb, veitingahúsa eigendur og verkefnastjórn. **BREYTT 2019**

1.5 Skjálftasetur sé komið með tryggn rekstrargrunn og 10 m.kr. til uppbyggingar safnsins fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Skjálftasetrið í samstarfi við verkefnisstjóra og Norðurþing. Samráð við Norðurhjara. **BREYTT 2019**

Unnið verði með verkefninu Fuglastíg að á formlegu skipulagi varðandi leiðsögn og aðstöðu til fuglaskoðunar í héraðinu fyrir lok mars 2018, í framhaldi af mótun ferðamálastefnu. Einnig að skýra eignarhald á fuglaskýlum og hver verður ábyrgur fyrir rekstri þeirra. Ábyrgð Fuglastígur, Rif, í samstarfi við verkefnisstjóra og (landeigendur m.a.). Samráð: Norðurhjari. **BREYTT 2019**

1.7 Komið verði upp tveimur áfangastöðum í viðbót fyrir mitt ár 2018. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, AP, (Framkv. sjóður ferðamannaáða, Vegagerðin) og aðra hagsmunaaðila. Samráð: Norðurhjari. **BREYTT 2019**

1.8 Ljúka kortlagningu á vatnsbólum og uppsprettum á svæðinu ásamt greiningu á nýtingu jarðhita til rafmagnsframleiðslu, baðstaða og/eða ræktunar. Ábyrgð: Eimur, verkefnastjórn og verkefnastjóri. **BREYTT 2019**

1.9 Að hanna baðstað sem nýtir jarðhita fyrir árslok 2017. Ábyrgð: Ferðapjónustuaðilar og verkefnisstjóri í samráði við landeigendur og Norðurþing. Nýta viðskiptahraðal. Samráð: Norðurhjari. **BREYTT 2019**



2. Framsækni í matvælaframleiðslu

2.3 Að verkefnið Heimaslóð verði nýtt á allavega tveimur bæjum í nýsköpum í matvælavinnslu fyrir árslok 2018. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Heimaslóðar og verkefnisstjóri í samráði við BSNÞ. **BREYTT 2019**

2.8 Gera úttekt á því hverju nýir landbúnaðarsamningar breyta á þessu svæði. Fyrir lok sumars 2018. Ábyrgð: Bændasamtökin á svæðinu og verkefnastjóri. **BREYTT 2019**

2.10 Kanna nýtingu jarðhita til grænmetisræktunar og raforkuframleiðslu. Fyrir lok 2019. Ábyrgð: Verkefnisstjóri. **BREYTT 2019**

3. Uppbyggilegt samfélag

3.1 Íbúasamtök (Framfarafélag Öxarfjarðar) efla til dáða í héraðinu öllu. Fyrir lok árs 2018. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúa. **BREYTT 2019**

3.2 Kynning á verkefninu *Öxarfjörður í sókn* í öllum ráðum og nefndum Norðurþings og meðal starfsmanna sveitarfélagsins fyrir lok árs 2016 og aftur fyrir lok 2018. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verkefnisstjórn og verkefnisstjóra. **BREYTT 2019.**

3.3 Heimasíðan í nýjum búningi fyrir lok árs 2016. Virkja hóp áhugamanna um síðuna, skilgreina hlutverkið og kynna fyrir maí 2018. Ábyrgð: Heimasíðuhópur sem búið er að stofna í samstarfi við verkefnisstjóra og Norðurþing. **BREYTT 2019.**

3.4 Mótuð stefna Norðurþings í verkkaupum m.t.t heimaaðila fyrir mitt ár 2017. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verktaka. **BREYTT 2019.**

3.5 Átak og umræða um gildi verslunar í heimahéraði fyrir lok árs 2018. Ábyrgð: Verslunarrekendur í samstarfi við verkefnisstjóra. **BREYTT 2019**



3.6 Skilgreina sýn íbúa á lágmarks þjónustubætti í héraðinu og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: t.d. Þekkingarnet Pingeyinga í samstarfi við AP, Byggðastofnun, verkefnisstjóra og aðra hagsmunaaðila. **BREYTT 2019**

4. Öflugir innviðir

4.1 Fá breytt viðmið um fjölda leikskólabarna í deild. Lok árs 2018. Ábyrgð: Norðurþing. **BREYTT 2019**

4.3 Vera búin að stofna einhvers konar leigufélag eða samtök til að aðstoða við að koma húsnæði í leigu. Fjölga íbúðum á leigumarkaði. Tryggja leiguhúsnæði á markaði. Lok árs 2018 Ábyrgð: Verkefnastjóri í samvinnu við opinbera aðila. **BREYTT 2019**

4.7 Samþykkt áætlun Norðurþings um viðhald hafnar á Kópaskeri fyrir lok árs 2016 samanber bókun frá hafnarnefndarfundu 20.04.2016. Ábyrgð: Norðurþing. **BREYTT 2019**

Markmið og stefna Norðurþings um starfsemi (lágmarks) í útstöðvum skrifstofu á Kópaskeri um tvö heilsársstörf. Setja upp aðstöðu fyrir stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Ábyrgð: Norðurþing. **BREYTT 2019**

4.9 Úttekt á sorpflokkun og lagfæringar á flokkunarmálum eftir atvikum, fyrir árslok 2018. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við umsjónaraðila. **BREYTT 2019**

4.10 Póstdreifing á Kópaskeri og í dreifbýli verði færð til fyrra horfs og verði daglega fyrir mitt ár 2018. Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við íbúasamtök, verkefnisstjóra, Norðurþing og Samband sveitarfélaga, auk annarra hagsmunaaðila. **BREYTT 2019**

4.11 Úrbótaáætlun stjórnvalda/RÚV varðandi útsendingar útvarps og sjónvarps í héraðinu og framkvæmdum fyrir lok árs 2018. Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við hagsmunaaðila. **BREYTT 2019**

4.12 Sveitarafmagnslínur í jörð fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: (RARIK), verkefnisstjórn fylgi eftir. **BREYTT 2019**

4.13 Hitaveita í Kelduhverfi fyrir lok árs 2016. Ábyrgð: Orkuveita Húsavíkur. **BREYTT 2019**